

Ed.

**631. Frumvarp til laga**

[173. mál]

um brunatryggingar í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

**1. gr.**

Bæjarstjórn Reykjavíkur er heimilt að taka í eigin hendur brunatryggingar allra húseigna í lögsagnarumdæminu eða semja við eitt váttryggingarfélag eða fleiri um slíkar tryggingar eða um endurtryggingu á áhættu bæjarins að undangengnu almennu útboði.

Tekjur váttryggingarfélags af starfsemi samkvæmt samningi um slíkar tryggingar eru undanþegnar sköttum til bæjarsjóðs og ríkissjóðs.

Tekjur, sem bæjarstjórn kann að hafa af starfsemi samkv. 1. málsg., skal leggja í sjóð til eflingar brunavörnum og tryggingarstarfsemi og lækkunar á iðgjöldum húseigenda eftir ákvörðun bæjarstjórnar.

**2. gr.**

Áður en bæjarstjórn gerir samning samkv. 1. málsg. 1. gr., skal leita álits Fasteignaeigendafélags Reykjavíkur um málið. Enn fremur skal fulltrúa, er stjórn félagsins tilnefnir, heimilt að fylgjast með ráðstöfun sjóðs þess, er um ræðir í 3. málsg. 1. gr.

**3. gr.**

Skylt er að hafa öll hús í lögsagnarumdæminu brunatryggð hjá þeim aðila, er tryggingar annast samkv. 1. gr., og með því váttryggingarverði, er dómkvaddir menn meta, og meta þeir jafnframt brunatjón. Ef annar hvor aðili vill ekki una því mati, getur hann óskað yfirmats.

Ný hús skal meta eigi síðar en 4 vikum eftir að þau eru tekin í notkun.

Bæjarstjórn er heimilt að breyta árlega brunabótaverði húsa til samræmis við breytingar, er verða á byggingarkostnaði húsa í bænum.

**4. gr.**

Öll iðgjöld og matskostnaður hvíla á húseignum þeim, sem tryggðar eru, með forgangsrétti fyrir öðrum skuldbindingum, sem á eignunum hvíla.

Ef iðgjöld eru ekki greidd á réttum gjalddaga, má innheimta þau með lögtaki.

**5. gr.**

Bæjarstjórn setur nánari reglur um váttryggingarkjör, iðgjöld og annað það, er máli skiptir í sambandi við framkvæmd laga þessara.

**6. gr.**

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 1 26. marz 1924, um brunatryggingar í Reykjavík, og lög nr. 87 16. des. 1943, um breyting á þeim lögum.

**7. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.